Tilvísun 2022040064 Reyðarfjörður 15.08.2022

**Múlaþing**
Lyngási 12
700 Egilsstaðir

**Efni: Umsókn um framkvæmdaleyfi um efnisnám í Múlaþingi.**

Vegagerðin sækir hér með um framkvæmdaleyfi til Múlaþings, skv. 13. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi, vegna efnistöku í námunum:

**Í landi Hallgeirsstaða sem er opin náma.**
**Í landi Hlíðarhúsa sem er opin náma.**

Efnið sem áætlað er að vinna úr námunum er ætlað í malarslitlag á vegum.



**Vegagerðin**
Suðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is







Í landi Hallgeirsstaða er opin náma. Í þessari námu hefur verið unnið malarslitlagsefni, blandað með leirefni (500 $m^3$) úr Hlíðarhúsahæð sem er um 13 km utan við námuna í Hallgeirsstöðum (2.500 $m^3$). Núverandi stálhæð í námunni er um 6 m þar sem mest er. Moldin er á bilinu 0,2 – 1,0 m. Efni í námunni er mjög misjafnt: sandur, malarlög og finmöl. Áframhaldandi efnistökusvæði er í lítillega þýft mólendi. Miðað við stálhæð þarf að taka efni á um 500 $m^2$ svæði.



Í landi Hlíðarhúsa hefur leir verið tekinn til íblöndunar í Hallgeirsstaða-námunni. Efni hefur verið tekið í 1-1,5 m þykku lagi sem er þá um 400 $m^2$ svæði.



Vegagerðin

Efnið verður unnið í námunum í samráði við landeigendur og einnig verður fullt samráð haft við þá um frágang námu að vinnslu lokinni. Í verklok verða námur jafnaðar og námusvæði aðlagað að umhverfi sínu.

Virðingarfyllst
f.h. Vegagerðarinnar
Páll Breiðfjörð Pálsson

Páll B. Pálsson
Undirskrift